

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð


Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Niðurstöður stærðfræðiskimunar í 3. bekk 2021

Í nóvember 2021 var skimunarprófið *Talnalykill* lagt fyrir nemendur í 33 grunnskólum af þeim 37 í Reykjavík sem hafa 3. bekk. Um 87% nemenda í 3. bekk í Reykjavík tóku þátt í stærðfræðiskimuninni að þessu sinni. Markmið skimunarinnar er að finna þá nemendur sem eru líklegir til að lenda í vanda í stærðfræðinámi og bregðast fljótt við með einstaklingsáætlun og/eða sérstökum stuðningi.

Um **73%** nemenda náðu settu viðmiði í þrepi I og eru því ólíklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda. Um **17%** nemenda náðu settu viðmiði í þrepi II og teljast því ekki heldur í mikilli áhættu hvað varðar námsörðugleika í stærðfræði. Um **10%** nemenda fóru í gegnum öll þrjú þrepin. Stærstur hluti þeirra sem fóru í þrep III telst þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Þessi hópur jafngildir **tæplega 7%** af öllum nemendahópnum sem tók þátt í skimuninni. Hlutföllin eru þau sömu og árið áður. Rúmlega **93%** nemenda í 3. bekk haustið 2021 teljast samkvæmt þessu ólíkleg til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði.

Á meðfylgjandi mynd sjá hversu hátt hlutfall nemenda fóru í gegnum hvert þrep og hversu hátt hlutfall þeirra er líklegt til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði árin 2016-2021.



Hlutfall drengja sem þarf líklega á sérstökum stuðningi að halda er 5,4% og hlutfall stúlkna er 7,9%. Mismunandi er eftir skólum hve margir nemenda eru líklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda, allt frá engum nemanda upp í 22% nemenda.

Fagstjórar grunnskóla í hverfum hafa fengið sendar skýrslur skóla sinna borgarhluta og munu fylgja eftir niðurstöðum viðkomandi skóla í samráði við skólastjóra.